

Jón Guðmundur Árnason  
Kaupmannahöfn - 2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk  
Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir  
Spyrill: Lára Martin  
DVCAM 178, 179  
© Krumma films ehf

DV 178

Nei ég geri það ekki. Ég lít miklu fremur á mig sem hvað heitir þetta? Ég er á flóttu frá þessum íslenska raunveruleika. Þessari íslensku geðveiki sko miklu frekar. Þessi peningageðveiki sem á sér stað þarna. Það er miklu meira það sem ég er að fara burtu frá. Þú veist ég neita að vera í þessu leikriti að maður þurfi bara að eiga þú veist, helst að eiga nýuppgert timburhús í Þingholtunum og hafa það ofsalega fínt og eiga bíl og í spennandi og kreatívri vinnu og en hafa samt tíma fyrir allt mögulegt.

*LM: En eigum við að tala um Kristjáníu?*

Þetta hefur örugglega alltaf verið til. Sko alveg frá þú veist Jóni Sigurðsyni eða jafnvel fyrr. En það, ég held hún sé, ég held hún sé sko svona indíviuel fyrir hvern og einn sem er á hverjum tíma. Það er ekki það sama í gangi herna núna og á þeim tíma sem ég kom herna fyrir 10 – 11 árum síðan. Og sko tíu árum fyrir það var eitthvað allt annað í gangi. Ég held það sé meira svona tidsánd eða hvað kallar maður þetta á hverjum tíma þú veist, pönkið, diskóið, það er miklu meira það sem fólk...og þessir gæjar sem hafa verið að koma herna hafa tekið þátt í því sem er að gerast á hverjum tíma sko. Og svo verða þeir eldri og ráðsettari og búa svo á jarðhæð á Nørrebro og er sama um restina einhvern veginn [*hlær*].

Ég held að það sko að íslensk nýlendusaga Kaupmannahafnar sé saga hvers og eins. Það er ekki hægt að segja að það sé af því að Kaupmannahöfn sé svona og svona. Ég held að spurningin sé hvað var fólk að fara frá og hvað er það að sækjast eftir.

Nei í raun og veru ekkert nema það sem ég hef mest heyrt sagt af öðrum. Skemmtisögur af þeim sem eru hér og hafa verið hér og eitthvað. Það er ekkert sem að ég þekki. Ekki til að geta endursagt eða neitt sko.

Nei. Þeir voru bara partur af crowdinu herna. Það er engin mýta í kringum það hjá Dönunum.

*LM: Hvað með hérna Ísleturnar?*

Iseleturnar sko, Iseleturnar eru náttúrulega, hafa búið sig til sjálfar síðustu 10 árin því í þessu ja, radical, sem sagt alternatíf Kristíanúlífi sko þá hafa þær verið mjög aktívir og framarlega í því sem hefur verið að gerast. Hafa mjög gjarnan verið í því að skipuleggja það sem hefur verið sett upp og framið og duglegir strákar margir sko.

Bara til þess, eins og ég segi stundum sko, bara til þess að vera annarsstaðar. Ég hafði oft verið hérna ég vissi alveg hverju ég var að gangast að og ég vissi að Kaupmannahöfn hentaði mér ágætlega. Bara til þess að komast burtu frá Reykjavík bara eiginlega. Ekki ætlaði ég á Ísafjörð. En ég hefði alveg eins getað hafa endað þú veist einhverstaðar annarsstaðar. Ef ég hefði haft sko einhver sambönd annarsstaðar. Sem ég ekki hafði.

Það er náttúrulega sko ein af ástæðunum fyrir að ég kem hingað. Ég vissi bara að ég kæmi og þú veist ég hefði þau réttindi sem ég átti rétt á, sem sagt ég þyrfti ekki að berjast fyrir því. Ég gekk bara inn og sagði: Nú er ég kominn þú veist, ég ætla að fá sjúkrasamlagsskírteini. Já, gjörðu svo vel.

Ég tek voða lítið þátt í því. Ég hef ekki, ég er ekki sá sem hef, ég er ekki í Íslendingafélaginu einu sinni. Og þeir hafa verið að gera alls konar hluti sko og ég hef látið það fara framhjá mér.

Ég hugsa að það sé sko, það er bæði til fólk sem funkerar rosalega vel í dönsku samfélagi og tekur alveg þátt í því á fullu og aðrir sem eru bara hér á spennum og í sinni óreglu og eitthvað. Það er hægt að segja, það er all, það er alls konar í gangi.

Nei ég hef aldrei verið meðlimur af forbundet eða sótt neitt hjá þeim. Það hefur ekki verið einhvern veginn mín þörf að sækjast í það. Ég hef mikið frekar verið í þessum hliðargreinum sem að hafa sprottið upp og dáíð og sprottið og verið kannski bara tímabundið.

*LM: Eins og?*

Þú veist, að hluta til aktívur í Bøssehuset en það var bara stutt sko og svo sækir ég samkundur hjá þessum miljöum sem eru, eins og DUNST og sem ég man nú ekki hver skammstöfunuin stendur fyrir. Það eru svona kreatívir bössar sem að bara eru að skemmta sér og öðrum.

*Svona fólk*

*LM: Leikhúslíf?*

Sko ekkert nema í kringum eitthvað svona sko. Ég hef ekkert verið duglegur að fara í leikhús. Ég var miklu duglegri að fara í leikhús á Íslandi. Ég hugsa samt að það sé mér sjálfum að kenna því að vera workaholic þá hefur maður bara tíma fyrir eitt.

Ég held að það sé ekki tekið sko, það er ekki tekið eftir þeim. Og það að vera hommi eða lesbía er ekkert mál í dönsku þjóðfélagi. Og að vera Íslendingur er ekkert issue þannig sko. Íslendingar eru ekki útlendingar í augum dana. Þeir eru bara Íslendingar. Þeir eru öðruvísi. Og meiga það. Og það var t.d. í fyrravetur þegar að Íslendingarnir keyptu Magasin, ef þetta hefðu verið Þjóðverjar sem hefðu keypt Magasin þá hefði skolið á borgarastyrjöld. Því þetta var national klenodien sko. Þetta var þjóðargersemi. Og þetta er allt í einu ekki danskt lengur en þetta er íslenskt svo það er allt í lagi. Þetta er ekki farið svo langt. Við áttum þá hvort eð er einu sinni.

Sko það er ekki annað þú veist en markmið hægristjórnarinnar sem er núna það er að drepa allt kreatífitet. Reyna að drepa þetta. En það eru allt of sterkir herna straumar í dönsku þjóðfélagi til þess að þeim takist það. Þetta er allt of djúpt í dönsku sálinni og þetta, þeim tekst aldrei að drepa þetta. Þeim kannski tekst að normalísera þetta aðeins að þeir sko fari allt í einu að vera ja löglegir á einhvern hátt, þeir hafa náttúrulega verið löglegir öll árin sko en þeir segja sko: Við viljum bara að, fíkniefnin í burtu. En eftir að þeir lokuðu Pusherstreet þá er bara, þá er þetta komið út um alla borg. Maður þarf ekki að fara nema bara herna út á horn til að kaupa þetta núna. Áður fyrr þurfti maður að fara alla leið út í Stínu. Ef þeim hefur, maður getur sagt að ef þeim hefur tekist eitthvað þá er það að breiða því út um alla borg.

Sko flestir sem koma í fyrsta skipti, af þessu venjulega fólki sem hafa heyrt um Kristjaníu, þeir komu og fóru inn í Pusherstreet og sögðu: Þetta er hræðilegt og voru þar í 20 mínútur og fóru aftur. En maður þarf eiginlega sko að vera meira afslappaður og gefa þessu tíma því þetta er alveg svakalega skemmtilegt bæjarfélag í rauninni, inni í miðri borg, þar sem að það er allt til. Þú getur farið í útreiðartúr, þú getur legið úti í náttúrunni og notið mýflugna og hesta og já þetta er bara svona náttúruauðlind vil ég kalla þetta, inni í miðri Kaupmannahöfn, með ofsalega skemmtilegu fólki og openminded sem býr þar.

*Svona fólk*

Altså þú meinar. Þetta er bara flatur strúktúr þarna úti. Þeir ráða sem eru frekastir. Það er ekkert öðruvísi en annarsstaðar en sko, flati strúktúrin er það, málið er nefnilega það að þegar þarf að taka einhverja ákvörðun um eitthvað þá er bara fundur og það er fundur og það er aftur fundur þangað til allir eru orðnir sammála um ekkert. Þetta er ekkert ósvipað alþingi Íslendinga. Nema það er bara fólkið niðri á jörðinni sem að ákveður þetta.

Nema sko þá ertu að borga rafmagn og viðveru og svo sérðu sjálfur um þig. Þú sérð sjálfur um að hita húsið og, og þvíumlíkt. Og þú getur, þú þarft aldrei að fara útfyrir, það er til allt þarna.

Sko það eru alls konar kreatíf verkstæði og alls konar ja bæði sko fyrirtæki og einstaklingar sem að hafa allan sinn veruleika þarna innandyr. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að lýsa þessu nema sko það er erfitt að komast þarna inn. Það er, eins og bara á leigumarkaðnum í Kaupmannahöfn eða á Íslandi, þú þarft að þekkja mann sem þekkir mann sem þekkir mann sem kemur þér að. Og svo er bara borgað per höfuð. Ég veit ekki hvað það er núna, kannski 12 – 1300 kr. danskar per höfuð að búa þarna á mánuði og þá ertu að borga rafmagn og viðveru og svo sérðu sjálfur um að hita húsið og þvíumlíkt. Og þú þarft aldrei að fara útfyrir. Það er til allt þarna.

*LM: Og búa hommar og lessur þar danskar?*

Fullt af þeim sko og hafa gert í gegnum árin. Sko ég er ekki viss um að það séu margar lessur. Þær eru þarna örugglega, ég þekki þær ekki svo mikið, en hommarnir eru þarna alveg örugglega með sko það eru a.m.k. tvö hommakollektíf og plús að það eru nokkrir fleiri hommar sem búa í kollektífum með öðrum þarna og margir búnir að gera í áratugi.

Eftir 1970 eða 1960 og seinna, þá held ég að það sé þessi sexual frigðrelse sem að í rauninni er komin mikið lengra hér en á flestum öðrum stöðum í heiminum, vegna þess að þetta var tekið opnum örmum af þjóðfélaginu strax. En svo í praxis er það kannski ekki endilega svo mikið sem eins og mýtan segir þegar fólk er komið á staðinn þá er þetta alveg sama struggle og annarsstaðar. Þetta er ekkert nauðsynlega auðvelt. Fyrir suma náttúrulega. Ég meina ég þarf örugglega að hafa meira fyrir mér í Kaupmannahöfn heldur en ef ég byggi í Reykjavík. En það er líka eitthvað sem ég hef valið.

Meinarðu, já þá er ég kannski að tala meira um sko ökónómískt eða sko fjárhagslega, áður fyrr var örugglega miklu einfaldara að vera á spennum hérna sko, en í minni tíð, ég hef reyndar aldrei reynt það. Ég kann ekki einu sinni á systemið, ég gæti ekki farið út og reynt að leigja mér íbúð. Ég hef aldrei leigt íbúð í Kaupmannahöfn. Ég var búinn að vera hérna í sex mánuði þegar ég keypti mér fyrstu íbúðina. Og það er reyndar auðvelt. Það er miklu manneskjulegra heldur en, heldur en íslenskt kerfi að því leyti að það er bara tekið, það ert bara þú sem ert í pant. Það er ekki verið að setja ömmu og frænku og alla fjölskylduna í skuldasúpu ef þú stendur ekki við. Það ert bara þú sjálfur sem stendur undir þér. Og, það er, ég held að það sé daldið mál að finna sér leiguíbúð hérna. Þessi daglegi veruleiki sko er, hann er ekkert auðveldur held ég.